

Heyrnareftirlit

Látið mæla heyrn starfsmanna

Hávaði á vinnustað getur valdið heyrnartjóni hjá starfsmönnum og er atvinnurekanda skylt að sjá til að heyrnarmæling sé gerð þegar tilefni er til.

Heyrnarskemmdir geta orðið vegna langvarandi hávaða í vinnuumhverfinu. Áhrifin safnast upp og koma í sumum tilvikum ekki fram fyrr en að löngum tíma liðnum, jafnvel eftir áratugi. Högghljóð eru ennfremur sérlega hættuleg heyrninni og geta valdið skyndileg heyrnartapi.

Heyrnartjón vegna hávaða stafar af skemmdum í innra eyra. Ekki verður ráðin bót á slíkum skemmdum og því fá menn ekki aftur þá heyrn sem þeir hafa misst.

Heyrnarskerðing nær oft til tiltekinnar tíðni en ekki annarrar. Heyrnarskynjunin brenglast og erfitt getur reynst að bæta hana með heyrnartækjum.

Til að koma í veg fyrir heyrnartjón vegna hávaða á vinnustað er mikilvægt að:

1. Draga úr hávaðanum þannig að hann valdi ekki skaða.
2. Nota heyrnarhlífar þegar ekki er unnt að draga nægilega úr hávaðanum.
3. Fylgjast með heyrn starfsmanna og fræða þá um hættu á heyrnartjóni.

Í 9. - 12. gr. reglna nr. 500/1994 um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna eru ákvæði um heyrnareftirlit. Þar segir m.a.:

“Eftir því sem við verður komið skal árlega mæla heyrn hjá þeim starfsmönnum sem ætla má að verði fyrir hávaða yfir 85 dB(A). Þar sem liggja fyrir mælingar á jafngildishávaða er þó einungis skylt að mæla heyrn hjá þeim sem gegna störfum sem hafa í för með sér jafngildishávaða yfir 8 stunda vinnudag sem er 85 dB(A) eða meira og þeim sem verða fyrir vegnum augnablikshljóðþrýstingi 110 dB(A) eða meiri. Tilgangur eftirlitsins er að varðveita heyrn og greina hvers konar heyrnartap sem rekja má til hávaða.

Atvinnurekandi skal sjá um að heyrnarmæling fari fram og er starfsmönnum skylt að gangast undir hana. Notkun heyrnarhlífa leysir viðkomandi ekki undan heyrnarmælingu.

Heyrnarmæling skal framkvæmd af Heyrnar- og talmeinstöð Íslands eða heilsugæslustöð sem hefur til þess aðstöðu, í samráði við Heyrnar- og talmeinstöðina.”

Í samræmi við ofanritað ber atvinnurekanda að láta mæla heyrn starfsmanna þar sem við á.



ADMINISTRATION OF OCCUPATIONAL SAFETY AND HEALTH

Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík – Sími 550 4600 – Fax 550 4610 - vinnueftirlit@ver.is - www.vinnueftirlit.is